

## Sólskoðun á Austurvelli og í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

Stjörnuskoðunarfélagið og Stjörnufræðivefurinn stefna að sólskoðun á Austurvelli á 17. júní ef veður leyfir. Samanlagt komu yfir 1000 gestir til þess að skoða sólina sumrin 2007 og 2008 og nú vonumst við bara eftir góðu veðri til þess að endurskapa frábæra stemmningu! Þeir sem vilja taka þátt geta sent skeyti á [ssfs@astro.is](mailto:ssfs@astro.is) eða hringt í Sævar (896-1984) eða Sverri (898-1979).



Einnig stendur til að bjóða upp á sólskoðun í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í sumar en dagsetning hennar verður tilkynnt síðar.

## Árgjaldið fyrir árið 2010

Við viljum minna á árgjaldið fyrir árið 2010. Upphæð árgjaldsins er óbreytt frá fyrra ári eða 2.500 kr. Hægt er að greiða það beint með því að leggja inn á reikning félagsins en þannig sparast kostnaður vegna útsendingar greiðsluseðla. Reikningsnúmer félagsins er 512-26-100017 og kennitalan er 600279-0339. Gott er að nafn komi fram í skýringu.

Fréttabréf Stjörnuskoðunarfélags  
Seltjarnarness

Maí 2010



## Stephen James O'Meara í Valhúsaskóla föstudaginn 7. maí

Þessa vikuna dvelur hér á land Stephen James O'Meara sem er heimsþekktur stjörnuskoðari. Stephen býr á Hawaii en ákvað að koma hingað með mjög skömmum fyrirvara til þess að taka myndir af eldgosinu í Eyjafjallajökli. Einnig hefur komið upp sú hugmynd að hann skrifi um áhugamannastjörnufræði á Íslandi í Astronomy tímaritið!

Stephen verður gestur á **opnu húsi Stjörnuskoðunarfélagsins í Valhúsaskóla kl. 20:30 föstudaginn 7. maí**. Eins og ávallt eru allir velkomnir!

## Heimilisföng og netföng

Við höfum farið yfir félagaskrána og reynt að uppfæra hana eftir bestu getu. Þið megið endilega senda upplýsingar um breytt netfang eða heimilisfang á [ssfs@astro.is](mailto:ssfs@astro.is). Svo minnum við á vefsíðuna: **[www.astro.is](http://www.astro.is)**

## Aðalfundur og ný stjórn félagsins

Aðalfundur félagsins var haldinn 11. febrúar og sóttu hann um 35 manns. Gjaldkeri undanfarinna ára, Kristján Þorvaldsson, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og voru honum þökkud vel unnin störf í þágu félagsins. Nýja stjórn skipa Sævar Helgi Bragason, formaður, Óskar Torfi Viggósson, gjaldkeri og Sverrir Guðmundsson, ritari.

## Stjörnustöð í Krýsuvík

Í mars var tekin sú ákvörðun að hefja formlegan undirbúning fyrir nýja aðstöðu Stjörnuskoðunarfélagsins í Krýsuvík. Hugmyndin er að í fyrsta áfanga rísi hús með afrennanlegu þaki fyrir stjörnusjónauka félagsmanna en að síðar bætist við félagsaðstaða og sjónaukahvolf.



Fyrirmyndin að framtíðaraðstöðunni í Krýsuvík er sótt til Edmonton í Kanada.

## Fullt út úr dyrum á námskeiðum og Safnanótt í febrúar

Í febrúar stóðu Stjörnuskoðunarfélagið og Stjörnufræðivefurinn fyrir byrjenda- og barnanámskeiðum. Um 100 gestir komu til þess að fræðast um stjörnufræði og stjörnuskoðun en af þeim skráðu yfir 20 sig í félagið!



Sömu aðilar stóðu fyrir dagskrá á safnanótt í Listasafni Reykjavíkur í vor þar sem gestir gátu meðal annars búið til loftsteinagíga.

